



Stjórnarfundur Samtaka Heilsuleiksskóla

haldinn í leikskólanum Urðarhól í Kópavogi mánudaginn 14. maí 2012

Fundurinn hófst kl. 11.00 og stóð til 15:30

Á fundinn mættu: Sigrún Hulda Jónsdóttir, María Hermannsdóttir, Kristín Eiríksdóttir, Anna R, Árnadóttir og Ólöf Kr. Guðmundsdóttir.

Dagskrá fundar:

1. Heimasíða Samtaka Heilsuleiksskóla:

Sigrún Hulda sagði frá stofnun heimasíðu um Heilsustefnuna sem fjölskylda Unnar Stefánsdóttur ætlar að halda úti. Þar munu verða upplýsingar um stefnuna og hvert fólk getur snúið sér ef það hefur áhuga á að gerast Heilsuleiksskóli. Heimasíðan <http://www.heilsustefnan.is> verður stofnuð í ágúst 2012, þar á fólk að geta lesið allt um Heilsustefnuna. Stefnt verður að því að allar upplýsingar um Samtök Heilsuleiksskóla verði þar inni. Fulltrúi frá Samtökunum mun sjá um að setja inn á heimasíðuna það sem viðkemur leikskólum.

2. Kostnaður við ferðir stjórnarmanna:

Samtökin greiða útlagðan persónulegna ferðakostnað stjórnarmann við ferðir á stjórnarfundum samtakanna þar sem leikskólar hafa ekki svigrúm til að greiða.

3. Fundartímar:

Rætt var um að gera skipulag um fundartíma. Anna mun senda stjórnarmönnum tölvupóst um þær dagsetningar sem henta henni að koma frá Akureyri til að ferðakostnaður verði sem minnstur.

4. Aðalfundur:

Til umræðu var hvar næsti aðalfundur skyldi haldinn. Samkvæmt hefð sem hefur skapast ætti næsti fundur að vera á Hornafirði og síðan á Þingeyri. Mikill kostnaður verður fyrir fólk sem kemur t.d. frá Akureyri og Egilstöðum og þarf að fara í tvö flug. Rætt var um að varnarþing samtakanna er í Kópavogi og spurning hvort aðalfundur ættu að vera þar ár hvert.

5. Fánar:

Búið er að panta nýja fána og verða þeir til sölu á 8.000 krónur. Sigrún Hulda og Kristín sjá um fánana sem eru staðsettir hjá þeim. Einnig var rætt um að gott væri að falda fánana til að þeir dugi betur þar sem efnið er frekar lélegt í þeim.

6. Nýir heilsuleiksskólar:

Leikskólinn Skógarland á Egilstöðum fékk viðurkenningu sem heilsuleiksskóli 8. maí 2012.

Stefnt er á að Álfasteinn í Eyjafirði fái viðurkenningu 1. júní. Fífusalir hafa einnig óskað eftir viðurkenningu fyrstu vikuna í júní en það þarf að fara yfir skólanámskrá, matseðla og heilsubók. Garðasel í Reykjanesbæ, Ársól í Reykjavík og Andabær í Borgarfirði hafa einnig óskað eftir viðurkenningu á þessu ári. Formaður samtakanna mun afhenda viðurkenningar.



Útbúa á tékklista fyrir úttektir. Rætt var um viðmið heilsustefnunnar og það að auka þarf vitund kennara á heilsustefnunni á því sem er gert í daglegu starfi eins og að lítil börn liggi á gólfinu og púsli og þjálfar þar t.d. magavöðva frekar en að sitja við borð við sömu vinnu.

7. Ferli:

Þegar leikskóli velur að vera á heilsubraut sækir hann til formanns samtakanna. Úttekt á leikskólunum verður svæðaskipt eftir stjórnarmönnum en formaður sér um viðurkenningar. Frá og með næsta hausti verður stofngjald endurskoðað þar sem fánarnir verða settir inni í gjaldið.

8. Önnur mál:

Anna gjaldkeri ræddi um árgjaldið og hvaða skólar ættu eftir að greiða gjaldið. Þar sem miklar breytingar hafa orðið í Reykjavík við sameiningu leikskóla er óvissa um hvort skólarnir ætla að halda áfram að vera heilsuleikskólar eftir sameininguna.

Fundi var slitið klukkan 15:30

Fundagerðina ritaði Ólög Kristín Guðmundsdóttir.